

Skólaárið 2009 - 2010

Stjórnarfundur í foreldra – hollvinafélag ME haldinn í Menntaskólanum á Egilsstöðum mánudaginn 15. mars 2010.

Mætt: Aðalheiður, Fríða, Óli, Margrét og Nína. Helgi Ómar skólameistari sat hluta fundarins.

1. Rætt við Helga Ómar um erindi sem kom frá foreldrafélagi VA (Verkmenntaskóla Austurlands) um samvinnu. Nemendur beggja skóla eiga töluverð samskipti þannig að þetta hefur ótvíræða kosti í för með sér. Þannig myndi náðst samstaða um reglur og fyrirkomulag í kringum sameiginleg böll og skemmtanahald skólanna.
2. Helgi Ómar var spurður um það hvort hann vissi hvað hefði valdið því að námsbækur skiluðu sér seint og illa í Office1. Ekki er til ein ákveðin skýring á þessu en þó má telja það líklegast að bækur sem hafa verið prentaðar áður er hætt að prenta vegna þess að þær koma á skiptibókamörkuðum og svo klárast þær og þá eru ekki til neinar nýjar til þess að fylla í skarðið.
3. Rætt um veikindareglur og veikindavottorð sem nemendur þurfa að skaffa ef þeir verða veikir 6 daga eða meira á önn. Helgi Ómar sagði okkur að þessum reglum væri ætlað að skapa aðhald og festu til þess að koma í veg fyrir miklar fjarvistir nemenda úr námi. Spurt var út í það hvort það væri ekki í umræðunni að hafa skólahjúkrunarfræðing við ME. Það var starfandi s.l. ár skólahjúkrunarfræðingur í hlutastarfi greiddur af ME og heilbrigðisstofnun en sökum niðurskurðar var þessi staða slegin af. Einnig kom fram að Árni Óla hefur umsjón með þeim sem hafa svokallaðar veikindadagbækur, það eru þeir sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum sem eru þá skráðir í þessar dagbækur og koma í stað vottorða.

Ritari Nína. Stjórnarfundur í foreldra – hollvinafélag ME haldinn í Menntaskólanum á Egilsstöðum mánudaginn 15. febrúar 2010. Mætt: Aðalheiður, Anna, Óli og Nína

1. Rætt um það hvernig böllin hafa gengið. Gæslan virkar vel og er áhugi fyrir því að koma af stað foreldrarölti.
2. Alla formaður sagði okkur frá ráðstefnu sem hún sat í fjarfundi sem bar yfirskriftina „Foreldrasamstarf á framhaldsskólastigi“ þar var meðal annars rætt um busavígslur, forvarnir /áfengi og vímuvarnir, ekki leyfa eftirlitslaus partý, að efla foreldrasamvinnu, Heimili og skóli og eineltisáætlun. En eins og sjá má á þessari upptalningu eru það sömu málin og upp hafa komið hjá okkur sem brenna á öðrum foreldum sem eiga börn á framhaldsskólastigi.

3. Rætt um íþróttatíma í ME og aðgang nemenda að íþróttahúsi. Nemendur ME fá sérkjör í íþróttahúsi, einnig ættu þeir sem hafa stundað launaða vinnu á sumrin að eiga rétt á að fá afslátt frá verkalýðsfélaginu til að greiða niður aðgangskort í íþróttahúsið.
4. Rætt um bókalista og að þeir virðast berast seint og illa. Ekki er vitað hverju er um að kenna. En þetta er óþægilegt fyrir nemendur.
5. Rætt um góðan mórál í ME og gott félagslíf.

Að lokum ekki fleira rætt en fundarmenn þakka formanninum henni Öllu fyrir að bjóða okkur uppá ljúffengar bollur í tilefni dagsins. J

Ritari Nína.

Stjórnarfundur í foreldra – hollvinafélag ME haldinn í Menntaskólanum á Egilsstöðum mánudaginn 18. janúar 2010.

Mætt: Aðalheiður, Margrét, Anna, Ágústa og Nína (Fríða og Óli eru fjarverandi).

Á fundinn mættu líka Árni Óla forvarnarfulltrúi og tveir fulltrúar frá nemendaráði þær Ingibjörg og Anna Berglind.

Í upphafi fundar var rætt um starfið og hvað hefur verið gert í vetur. Hvað fólki fannst um vetrarstarfið.

1. Böllin voru rædd og þar á meðal óvissuballið. Allir voru sammála um að það hefur getað farið betur fram meðal annars kom fram hjá fulltrúum nemendaráðs að félag þeirra hefði fengið reikning eftir ballið vegna skemmda sem unnar voru á húsnæðinu á Seyðisfirði þegar ballið var haldið. Það kom fram að góður undirbúningur foreldrafélagsins og Seyðfirðinga hefði bjargað þeim nemendum sem verst voru staddir vegna ofdrykkju og kulda. Fundarmenn voru sammála um það að það væri vandamál að fara í langar rútuferðir með nemendur á böll, þær væru ekki heppilegar og reynslan hefði sýnt að þetta væri því miður oft útkoman úr þeim, það sem fór úrskeiðis á Óvissuballinu. Rætt var um það hvort hægt væri að halda böll á vegum ME nær heimabyggð.
2. En það kom líka margt jákvætt og skemmtilegt fram hjá fulltrúum nemendraráðs og meðal annars það að ME er að fara að setja upp leikritið “Ávaxtakörfuna” og ef allt gengur upp mun mjög stór hluti nemenda taka á einhvern hátt þátt í

sýningunni, þá sem leikarar, hljóðmenn, förðunarfólk eða tónlistarfólk svo eitthvað sé nefnt.

3. Verið er að safna fyrir útskriftarferð og er verið að vinna í því hvert og hvernær verður farið.
4. Árni tjáði okkur það að kannanir sýndu að drykkja væri ekki að aukast meðal nýnema í ME og nú í ár væru ívið fleiri sem ekki drykkju áfengi af nýnemum haustsins miðað við áður, sem er mjög jákvætt og góð þróun.
5. Rætt um forvarnamál og hvernig ástand þeirra er hér á Héraði. Rætt um gæsluna á heimavist ME og er hún mjög góð þar er húsfreyja á vakt og um helgar er vörður og skólanum læst. Árni tjái okkur það að góð samvinna væri við lögregluna á svæðinu til að vinna að þessum málum.
6. Foreldrafélagið mun halda fundi þriðja hvern mánudag og næsti fundur félagsins er því fyrirhugaður 15. febrúar næstkomandi.
7. Að lokum má geta þess að Þorsteinn Óli hringdi inná fundinn og færði okkur þau ánægjulegu tíðindi að það væru komnar 46.120 kr inná reikning félagsins og viljum við minna foreldra á að greiða gjöldin.

Fundi slitið. Ritari Nína.

Stjórnarfundur í foreldra – og hollvinafélagi ME haldinn í Menntaskólanum á Egilsstöðum mánudaginn 9. nóv. Kl 16:00.

Mætt: Aðalheiður S, Ágústa, Óli, Anna, Fríða, Margrét, Nína auk Helga Ómars sem sat hluta fundarins.

1. Í byrjun fundar var verkum skipt með stjórnarmeðlimum en Aðalheiður Sigurðardóttir verður formaður, Þorsteinn Óli er gjaldkeri og Nína Midjord verður ritari. Meðstjórnendur eru Anna Alexandersdóttir, Margrét Árnadóttir, Fríða Björk og Ágústa Óskarsdóttir.
2. Umræða um Óvissuballið sem haldið var á Seyðisfirði þann 23. október sl. Mikil drykkja unglinga var á þessu balli og má meðal annars geta þess að 7 einstaklingar þurftu mikla aðhlyningu. Foreldrafélagið var með gæslufólk með í rútum og við ballið og veitti ekki af og var mikið annríki hjá því fólki við að aðstoða ungmenni sem voru ofurölvi og orðið mjög kalt.

Rætt um í framhaldi af því sem á undan er komið hvað skuli taka til bragðs þegar ungmenni undir 18 ára aldri séu drukkin á dansleikjum og var niðurstaða okkar sú að hringja skuli í foreldranna og láta vita af ástandi nemand. Einnig kom fram að ástandið

virðist vera verst þegar um „ rútu-dansleiki „ er að ræða og þá þurfi að eitthvað að endurskoða.Í framhaldi af þessarri umræðu þykir okkur ástæða til þess að senda foreldrum stutta orðsendingu um ástand nemenda á óvissuballinu.

1. Starfsáætlun skólaársins

- Óskum eftir framlögum frá foreldum nemenda að lámarki 500 kr til þess að standa undir rekstri foreldra og hollvinafélags ME. Þessu á að vera lokið á þessu ári.
- Halda áfram að reyna að koma á vímuefnalausum skemmtunum og efla forvarnastarf.
- Koma skilaboðum til foreldra um að ástand nemenda getur orðið slæmt í taumlausri drykkju, fyrir skemmtanir.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl 18:30 ritari Nína.